



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Fasteignagjöld 2022

Álagning íbúðarhúsnæðis :

Fasteignaskattur.	0,50% af hús- og lóðamati.
Vatnsgjald.	0,35% af hús- og lóðamati.
Holræsagjald.	0,40% af hús- og lóðamati.
Lóðarleiga.	2,5% af lóðarmati.
Sorphirðugjald	38.649,- kr. á hvert fasteignanúmer
Sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhús	37.546,- kr. á hvert fasteignarnúmer
Sorpeyðingargjald fyrir sumarhús	27.286- kr. á hvert fasteignarnúmer

**Sorphirðu og sorpeyðingargjöld byggja á Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.*

Gjalddagar verða 10. Fyrsti gjalddagi 1.febrúar, síðan 1.hvers mánaðar (febrúar til nóvember). Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Ef gjöld eru samtals lægri en kr. 25.000.- er um einn gjalddaga að ræða og er hann 15. febrúar. Ef álagning er kr. 500.- eða lægri verður krafan ekki innheimt. Álagningarseðlar verða EKKI sendir út en verða aðgengilegir á island.is

Vinsamlega athugið að ekki verða sendir út greiðsluseðlar nema þess sé sérstaklega óskað. Greiðsluseðlar munu birtast í heimabanka. Engin breyting verður hjá þeim sem pöntuðu seðla í fyrra. Hægt er að panta og afpanta seðla og álagningarseðla með því að hringja í síma 450-2500 á opnunartíma skrifstofu og/eða senda tölvupóst á talknafjordur@talknafjordur.is.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í Tálknafirði og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju og eignaskatt. Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðsins árs :

a) Ef um er að ræða einstaklinga;

- með brúttótekjur undir 3.856.000 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.856.00 og 4.864.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

b) Ef um er að ræða hjón;

- með brúttótekjur undir 5.375.000 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 5.375.000 – 6.809.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2021 vegna skatttekna 2020. Vinsamlega athugið að afslátturinn verður endurreiknaður þegar skattframtal 2022 vegna skatttekna 2021 liggur fyrir.

Álagning atvinnuhúsnæðis :

Fasteignaskattur er 1,65% af hús- og lóðarmati, vatnsgjald 0,5% og holræsagjald 0,3% . Lóðarleiga er 3% af fasteignamati lóðar.

Að öðru leyti vísast til Samþykta um stjórn Tálknafjarðarhrepps og laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 ásamt síðari breytingum.

Samþykkt á 583. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, 15. desember 2021,

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri